




Umhverfis- og tæknisvið Uppvænt
Sampykke
 06. mars 2019
David Sindri
 Byggingarfulltrúi




Suðaustur




Suðvestur



Norðvestur



Norðaustur



Melur	Flatarmál m ²	Rúmmál m ³
Íbúð 0101	31,6m ²	546,6m ³
Íbúð 0102	31,6m ²	145,1m ³
Íbúð 0103	31,6m ²	67,4m ³
Samtals	94,8m ²	759,1m ³

Flatarmál lóðar	6,0ha
Nýtingarhlutfall lóðar	0,29
Byggingarreitur	-----

Almennar skýringar:

Um er að ræða 5 ferðabjónustuhús, hvert þeirra er með 3 íbúðum á lóðinni Melur úr landi Einiholts 1, 801 Selfoss. Landnr. 224158 Byggingarreitur B-3 Í hverju húsi er gistiþláss fyrir 2 aðila. Farið skal að ákvæðum 6.1.1gr í byggingareglugerð 112/2012 um algilda hönnun í að a.m.k. 2 íbúðum af 15.

Almenn efni og gerð:

Sökkjar eru úr steypu og eru einangraðir að utan með 50mm styrofoam 300 SL-A-N einangrun. Undir sökkjum er 100mm styrofoam 300 SL-A-N einangrun. Botnplata er steyp með ísteyptum gólfhita, undir gólfplötu er 350mm EPS100F einangrun.

Útveggir:

Útveggir eru gerðir úr timbri 45x145mm, krossviðsklæddir með 9mm krossvið að utan, síðan koma 34x45mm lektur bæði liggjandi og standandi til loftunar, á lektur kemur síðan 9mm krossviður, utan á krossvið kemur síðan takkadúkur (takkar snúa að krossvið), á hluta hússins verður síðan hlaðinn grjóthleðsla sem verður sjálfstæð um 50mm frá vegg og hins vegar standandi timburklæðning, svartmálúð. Að innan verða veggir einangraðir með 150mm einangrun, þá rakaserra og 34x45mm rafmagnsgrind og svo loks veggjaklæðning.

Pak:

Pak er upptekið byggt úr 45x245mm timbursperrum með sýnilegu togbandi, ofan á sperrur kemur vindvörn sem andar mjög vel í gegnum, síðan koma 25mm lektur ofan á sperrur, síðan koma 35x70mm c/c 400 lektur langsum á pak, og svo er þakið klætt með 18mm þakkrossvið, síðan kemur ásoðinn PVC dúkur og svo loks tvöfalt lag af túnþökum, fyrra lag lagt á röngunni og efra lag er lagt venjulega. Ath: PVC dúkur af þaki skal ná 400mm niður á takkadúk á veggjum. Að innan er þakið einangrað með 220mm einangrun, þá rakaserra og 34x45mm rafmagnsgrind og svo loks loftaklæðning.

Loftun útvegja og þaks:

Samkvæmt byggingareglugerð er lágmarks útloftunarkrafa 1000 m² á m². Flatarmál þaks er 39,0 m² x 1000 = 39.000 mm². Inntaka lofts á öllum hornum á göflum hússins 90mm x 2500mm = 225.000 mm² x 4 = 900.000 mm² - loftunartap vegna rista er 75%, þá samtals = 225.000 mm². Inntaka lofts frá útvegg inná þak á hverri langhlíð 30mm x 6000mm = 180.000 mm² x 2 = 360.000 mm² - loftunartap vegna flugnanets er 40% = 216.000 mm². Að auki er svo 50mm bil milli jarðvegs og klæðningar á göflum á öllum húsum sem auðveldar þá inntöku ferks lofts, eins er svo loftuðla til að koma hreyfingu á allt loftfæðið.

Gluggar og hurðir:

Gluggar og hurðir eru úr timbri, gler í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler. Allar útihurðir (hurðarflekar) eru 900 mm að breidd. Allar innhurðir (hurðarflekar) eru 800 mm að breidd.

Innveggir:

Léttir innveggir eru byggðir úr blikkstoðum, einangraðir með 50mm einangrun og síðan klæddir með 2x13mm gipsi beggia vegna. Innanhúsklæðning er í flokki 2.

Brunamál:

Almennt: Húsið er skilgreint í notkunarflokk 3. Brunahöfufun milli íbúða skal vera EI-60. Loft- og veggklæðningar innan íbúða skal vera í flokki 2. Útreiknað brunapól þaks er 68min > EI-60. Útreiknað brunapól hvors útveggs er 75min > EI-60. Bil milli íbúða í hverri einingu er 0,4m. Bil milli allra húsa er að lágmarki 8m.

Flóttaleiðir:

Flóttaleiðir úr húsinu má sjá á grunnmynd og í skýringum að neðan. Björgunarop skulu haldast opin við rýmingu. Breidd björgunarops skal vera minnst 0,60 m og hæð minnst 0,60 m og skal samanlögð hæð og breidd gluggans ekki vera minni en 1,50 m. Björgunarop skulu vera í hverju svefnerbergi.

Slökkvitæki:

Í öllum íbúðum skal vera 6L handslökkvitæki (léttvatns) af viðurkenndri gerð. Við val og staðsetningu á handslökkvitækjum má leita ráðgjafar hjá slökkviliðsstjóra og hafa ber hlidsjón af leiðbeiningum og reglum Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3.

Brunaviðvörðun:

Reykskynjarar skulu vera samkvæmt reglugerð í hverri íbúð. Brunaviðvörðunarkerfi er í hverju húsi sem tengt er við brunaviðvörðunarkerfi í bjónustuhúsi sem síðan er tengt við vaktstöð.

Lagnir:

Frárennisslagnir eru lagðar í jörðu og undir botnplötu og tengjast rotþró og siturlögn sem fyrir er á staðnum, regnatvnt fer í þúkk. Neysluvatnslagnir eru lagðar í botnplötu og í vegg. (rör í rör) Gólfhiti er lagður í botnplötu. Gólfniðurföll verða í öllum votrymum, sjá á grunnmynd. Öll nými eru ymist loftræst um opnanleg fög eða hurðir, sjá nánar á grunnmynd. Gera skal ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla skv. 6.7.1. gr í byggingareglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum.



Lóð og umhverfi:

Frágangur lóðar skal gerður í samræði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Bílastæði fyrir 3 bíla eru við hvert hús. Sorp fyrir öll húsin verður staðsett hjá bjónustuhúsi. Heitur pottur skal vera með sterku öryggisneti sem gefur sig ekki undan fallþunga fullorðna til að hylja hann, sé hann ekki í notkun til varnar slysum. Einnig skal vera minnst 0,40m hæð í kringum pottinn umhverfis göngusvæði. Farið skal að ákvæðum 6.1.1 gr í byggingareglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum um algilda hönnun í að a.m.k. 2 íbúðum af 15, b.e.a.s. gæta skal að byggingarnar hafi eðlilega tengingu fyrir lóð og annað umhverfi, sem og tryggja skal fullt öryggi fólks og dýra innan bygginga og á lóðum þeirra. Byggingarnar og lóðir þeirra skulu vera vandaðar og hægkvæmar m.t.t. öryggi, endingar, aðgengis og afnota allra.

Annað:

Uppfylltar eru kröfur varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta U-gildi:

Byggingarhluti	ÚTREIKN. TÖLUR W/m ² K	KRÖFUR
Útveggir	0,25 (150 mm steinull)	0,30
Pak	0,18 (220 mm þakull)	0,20
Gólf	0,25 (100 mm plasteinangrun)	0,30
Gluggar (k-gler)	1,10 (Tvöfalt k-gler)	2,00
Hurðir	2,00	3,00



2020-62

- Útgangur
- Rýmingarleið
- Ⓡ Reykskynjari
- Ⓛ Loftræsting
- Ⓜ Handslökkvitæki
- Ⓝ Niðurfall
- Ⓞ Gegnumstreymisniðurfall
- Ⓟ Björgunarop, stærð gefin á teikningu
- Ⓠ Gólfkoti á frágengið gólf
- Ⓡ Inntök fyrir hitaveitu, vatnsveitu, rafmagnsveitu og síma.

Öll mál eru í millimetrum, nema annað sé tekið fram.

Br: Breyting Dags: Samp:

VERKHEITI: Melur, úr landi Einiholts 1, 801 Selfoss - 5 ferðabjónustuhús	TEIKNINUMER: 100
VERKHLUTI: Aðalteikningar MHL.13 Útlit, snið og grunnmynd	ÚTGÁFA: A1
Hönnuður: Björgvin Viglundsson kt. 040546-2009	BLAÐSTÆRB: A-2
Yfirfarið af hönnunarstjóra: Björgvin Viglundsson kt. 040546-2009	DAGS: 14.02.19
LARSEN HÖNNUN OG RÁÐGJÖF	VERKNR: 18-11
Bent Larsen Fróðason Byggingaræðingur B.Sc Sími 844-7699 tölvupóstur: bent@larsenhr.is	MKV: 1:100